



## Skýrsla varðandi Alþingishús og Stjórnarráð

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Forsætisráðherra – Skýrsla – Arnar Þór Guðmundsson – Alþingi –  
Stjórnarráð

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-30, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14. jún. 1964.

Hr. forsætisráðgjafi

Bjarni Benediktsson

Alþingishús og stjórnarráðshús eru mjög á dagskrá um þessar mundir. Bæði er það vegna umræðnanna um ráðhús Reykjavíkur og skipulag miðbæjarins, og svo vegna hinnar knýjandi nauðsynjar að bæta úr húsnæðisskortri löggjafar- og framkvæmdarvaldsins. Jafnframt er það nauðsynlegt vegna lýðræðisins, að stjórnarvöldin geti kynnt sig í virðulegum byggingum. Það hlýtur að vera eitt af skilyrðunum fyrir farsælli uppbyggingu þjóðfélagsins, að helztu stofnanir séu vel hýstar, en ekki lendi allt fjármagn í lúxusíbúðum einstaklinga. - Við undirritaðir teljum þessi mál svo mikilvæg, einnig vegna hagkvæmni, fegurðar og reisnar höfuðborgarinnar, að okkur datt í hug að vekja athygli á hugmyndum okkar í stuttu máli.

#### Alþingishús.

Við teljum það ekki koma til mála, einkum útlitsins vegna, að byggja við núverandi Alþingishús, hvorki til suðurs né vesturs. Jafnframt verði það engin framtíðarlausn að reisa viðbótarbyggingu við Kirkjustræti (á móti stækkuðu Landssímahúsi). Bæði mundi slíkt hús á engan hátt njóta sín og svo eru salirnir í Alþingishúsinu ekki til frambúðar. Reisa beri því Alþingishús suðvestan tjarnarinnar er verði hluti af nýju stjórnaraðsetri, er kynni íslenzka lýðveldið og lýðræðið í landinu. (Er þessu væri lokið mætti Hæstiréttur gjarna fá núverandi Alþingishús.) En þar sem ekki mun hægt að byggja yfir þingið af æskilegum stórhug á næstu árum verður að leita bráðabirgðalausnar sem fyrst. Hana teljum við vera fólgni í því, að reist yrði hús er nái frá norðurgafli Oddfellowhússins og út að fyrirhugaðri götubrún við sunnanvert Kirkjustræti. Alþingi fengi þessa byggingu til afnota í fyrstu, en síðan yrði hún almennt skrifstofuhús eða hagnýtt af einhverri stofnun. Frestinn, sem þannig skapaðist, hvort sem hann yrði fleiri eða færri ár, þyrfti að nýta vel til undirbúnings byggingar nýs Alþingishúss og væri vel til fallið að efna til samkeppni um teikninguna.

### Stjórnarráð.

Stjórnarráðshúsið, sem talað hefur verið um að reisa sunnan Bankastrætis er að okkar dómi verulega of stórt fyrir þá lóð, sem til umráða er, hefur enga eðlilega stækkunarmöguleika og verður í framtíðinni ekki vel staðsett í miðju viðskiptahverfi. Framtíðarlausnina teljum við vera, að byggðar verði stjórnarráðsbyggingar nálægt Alþingishúsi framtíðarinnar og verður vikið að því hér á eftir.

En skjóttlega þarf að bæta úr núverandi erfiðleikum og viljum við leggja til, að bráðabirgðalausnin verði fólgin í því, að reist verði einföld skrifstofubygging á bak við gamla Stjórnarráðið. Þá framkvæmd mætti jafnvel hefja þegar næsta sumar. Þessi bygging yrði ekki dýr og myndi mjög bæta útlit Reykjavíkur, þar sem núverandi bakhýsi frá Hverfisgötu blasa við Austurstræti og óprýða mjög miðbæinn.

### Stjórnaraðsetur.

Æskilegt er, að ekki sé langt á milli Alþingishúss og stjórnarráðsbygginga. Nú hagar svo til, að fyrir sunnan þá lóð, þar sem margir vilja að nýtt Alþingishús rísi er hægt að reisa stjórnarráðsbyggingar í fögru umhverfi, nálægt aðalumferðaræð borgarinnar. Hljómskálagarðurinn hefur svo mikla stækkunarmöguleika til suðurs, að hann þolir vel að byggt sé í nokkrum hluta hans, enda verði grasfletir á milli húsa, en bílastæði í kjöllum. Glæsilegri stað fyrir stjórnaraðsetur er vart hægt að finna í höfuðborginni. Þá yrði nálægðin við háskólann ekki til бага og er einmitt skemmtilegt og æskilegt að fá tengingu af þessu tagi milli miðbæjarins og háskólahverfisins.


Auðvelt ætti að vera fyrir ríkið að tryggja sér umræddar lóðir við tjörnina með því að fara í lóðaskipti við Reykjavíkurborg, sem þarf mjög á slíku að halda vegna skipulagsins.

Auk samkeppni um gerð Alþingishúss og annarra einstakra bygginga þarna væri eðlilegt að efnt yrði til samkeppni um skipulag svæðisins í heild, þannig að hægt yrði að velja úr mismunandi hugmyndum verðandi framtíðarlausnum á húsneðismálum íslenzkra stjórnarvalda.

Virðingarfyllst,

*Domarþingurinn*  
*Valdimar Kristinnson*





Sudurgata

Tjarnargata

Garðastræti

Tungata

Tjörnin

Tjarnargata

Vönnuástræti

Alþingis húsið

Templarásund

Kirkjufarvegur

Frikkirkjuvegur

Lækjargata

Barnaskóli

Ólafsvogur

Midstræti

Bokhúsdustigur

K.F.U.M.

Þingholtsstræti

Ingólfsstræti

Grundarstigur

Skólavörðungur

Saltöskustígur

Höllveiturstígur


Skólavörðungur

Bergstadastræti

Óðinsgata

Stígur

Lougubraut



stræti

Veltusara

Austurstræti

usstræti

Bankasíða

HVE

Tryggvagata

Grofin

Naustin

Geirsgata

Tryggvagata

Kalkofnsvegur

Ingólfsstræti

Safnahúsið

S/S

Söluhólsgrata

Skugga

Verbúðir byggjast

Grafarbrýggja

Foxagardur

gur

Foxagata

rdur